



Náttúrustofa Suðurlands.



Ársskýrsla 2005

Forsíðumynd: Landtaka í Surtsey.

Texti og ljósmyndir: Ingvar Atli Sigurðsson og Yann Kolbeinsson.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
Inngangur	4
Hlutverk	4
Stjórn	4
Fjármál	5
Starfmenn	5
Verkefni	6
Berg- og jarðefnafræði Heimaeyjar	6
Borholuverkefni	7
Glerinnlyksur í ólivín- og spínilkristöllum	7
Verndun jarðminja	7
Búsvæðaval og varphættir þórshana og óðinshana	8
Sæsvölumerkingar	8
Rannsóknir á lunda í Vestmannaeyjum	9
Flækingsfuglar á Heimaey	9
Almennar athuganir á fuglum	10
Surtsey	10
Súla	10
Þjóðgarðar á Suðurlandi	11
Æðarvarp	11
Náttúruverndaráætlun	11
Vernduð hafsvæði	11
Göngukort	12
Ljósárvirkjun	12
Heimsóknir	12
Heimasíða: www. nattsud.is	13
Opnir fyrirlestrar	13
Aðrir viðburðir	13
Erindi, skýrslur og greinar	13

Inngangur.

Náttúrustofa Suðurlands var stofnuð í nóvember 1996 og var síðasta ár því níunda heila starfsárið. Stutt hlé varð að vísu á starfseminni á árinu 2002 þegar skipt var um forstöðumann. Stofan hefur allan þennan tíma verið til húsa í Rannsókn- og fræðasetri Vestmannaeyja að Strandvegi 50 í Vestmannaeyjabæ. Þar eru einnig útibú Háskóla Íslands, útibú Hafrannsóknastofnunarinnar, útibú frá Rannsóknastofnun Fiskiðnaðarins, Rannsóknþjónusta Vestmannaeyja, Viska, Fræðslu- og símenntuarmiðstöð, Svæðisvinnumiðlun Suðurlands, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og Samfrost. Rannsókn- og fræðasetrið hefur aðra og þriðju hæð hússins til umráða en Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er á fyrstu hæð.

Í þessari skýrslu verður fjallað um helstu verkefni Náttúrustofu Suðurlands frá því núverandi forstöðumaður tók við í september.

Hlutverk.

Náttúrustofa Suðurlands starfar samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur (lög nr. 60/1992 með síðari breytingum) og reglugerð um Náttúrustofu Suðurlands (reglugerð 643/1995). Frá stofnun hefur Vestmannaeyjabær verið eina sveitarfélagið sem kemur að rekstri stofunnar og var núverandi samningur um reksturinn undirritaður í desember árið 2002 og gildir hann til ársloka árið 2007.

Helstu hlutverk Náttúrustofu Suðurlands eru samkvæmt lögum:

- a. að safna gögnum, varðveita heimildir um náttúrufar og stunda vísindalegar náttúrufræðisóknir, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar,
- b. að stuðla að æskilegri landnýtingu og náttúruvernd og veita fræðslu um umhverfismál og náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga,
- c. að veita náttúruverndarnefndum á starfssvæði stofunnar upplýsingar og ráðgjöf á verksviði stofunnar samkvæmt ákvörðun stjórnar náttúrustofu hverju sinni,
- d. að veita ráðgjöf, sinna rannsóknum og sjá um vöktun gegn greiðslu á verksviði stofunnar að beiðni sveitarfélaga, ríkis eða stofnana þeirra, einstaklinga, fyrirtækja eða annarra aðila,
- e. að annast almennt eftirlit með náttúru landsins, sbr. [7. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999](#), einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar; Náttúruvernd ríkisins skal gera samning um slíkt eftirlit við náttúrustofur sem staðfestur er af ráðherra.

Stjórn.

Í stjórn Náttúrustofunnar eru þrír menn og þrír til vara. Núverandi stjórn er þannig skipuð: Eygló Harðardóttir formaður, Margrét Lilja Magnúsdóttir varaformaður og Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir ritari. Varamenn eru Sæmundur Ingvarsson, Lúðvík Bergvinsson og Magnús Þór Jónasson. Stjórnin er skipuð í fjögur ár í senn og er kosið í hana að loknum sveitarstjórnarkosningum. Skipunartíma núverandi stjórnar lýkur því vorið 2006. Árið 2005 voru haldnir 5 stjórnarfundir, 4 árið 2004 og 3 árið 2003. Helstu mál sem stjórnin fjallaði um voru fjárhagsáætlun, ársreikningar, verkefni stofunnar og starfsmannamál.

Fjármál

Rekstur Náttúrustofu Suðurlands var erfiður árið 2003 en þá voru greiddar niður uppsafnaðar skuldir. Árin 2004 og 2005 var hins vegar rekstrarafgangur sem vegna ársins 2005 má skýra með því að nokkur verkefni sem stofnað var til á því ári færast yfir á árið 2006. Þar má nefna greiðslur til tveggja nemanda við jarðfræðiskor HÍ sem rannsókuðu borholusvarf úr borholu Hitaveitu Suðurnesja, greiðslur fyrir efnagreiningar á bergsýnum í Kaupmannahöfn og einnig var haldið eftir peningum vegna launaskuldar við starfsmenn og vegna úttektar á starfsemi Náttúrustofa sem áætlað var að Samtök Náttúrustofa færu í.

Starfmenn.

Ingvar Atli Sigurðsson jarðfræðingur hefur verið forstöðumaður frá því í september 2002. Helstu verkefni hans eru daglegur rekstur, fjármálastjórn og jarðfræðirannsóknir.

Yann Kolbeinsson líffræðingur var ráðinn í 75% starf til eins árs frá 1. júní 2005.

Hans helsta verkefni er rannsóknir á þórshana á Suðurlandi.

Fiona Manson líffræðingur var ráðin til sex mánaða frá 1. ágúst 2005. Hennar helsta verkefni er rannsóknir á lunda í Vestmannaeyjum í samstarfi við útibú Háskóla Íslands í Vestmannaeyjum

Freydís Vigfúsdóttir var í 100% starfi sumarið 2004. Hennar helsta verkefni voru rannsóknir á fæðu súlunnar.

Margrét Hjálmarsdóttir er ritari fyrir Rannsókn- og fræðasetur Vestmannaeyja og greiðir Náttúrustofan hluta launakostnaðar hennar.

Loks hefur Náttúrustofan haft aðgang að nemum sem bærinn útvegar Rannsóknasetrinu yfir sumartímann. Hafa þeir m.a. aðstoðað við sýnasöfnun og séð um Avon slöngubát sem Náttúrustofan á 50% hlut í á móti útibúi Háskólans.




Sumarstarfsmenn Rannsóknasetursins 2005, þeir Guðjón Gíslason og Auðunn Herjólfsson í Yztakletti.

Verkefni.

Hér á eftir er fjallað um helstu verkefni Náttúrustofu Suðurlands árin 2003-2005.

Berg- og jarðefnafræði Heimaeyjar.

Dr. Sveinn P. Jakobsson jarðfræðingur skoðaði bergmyndanir Heimaeyjar þegar hann dvaldi á Heimaey á meðan Surtseyjargosið stóð yfir. Síðari rannsóknir hafa allar byggt á þessum fyrstu rannsóknum Sveins og hafa litlu bætt við hvað varðar aldur og uppbyggingu Heimaeyjar. Þar sem enn er ýmsum spurningum ósvarað var ákveðið að fara út í ítarlega rannsókn á bergmyndunum Heimaeyjar með mun þéttari söfnun sýna en áður hefur verið gert. Samhliða á að ljúka við jarðfræðikort af Heimaey. Þetta verkefni er í samstarfi við Svein P. Jakobsson á Náttúrufræðistofnun Íslands en þar á bæ liggur mikið magn birtra og óbirtra gagna sem mun nýtast í þetta verkefni. Búið er að safna um 130 bergsýnum á Heimaey og hafa 40 þeirra verið efnagreind í Kaupmannahöfn. Áætlað er að efnagreina allt að 30 sýni í viðbót og láta aldursgreina allt að átta bergsýni í samstarfi við Dr. Robert A. Duncan hjá Oregon State University. Einnig verða greind gjösku- eða jarðvegssýni úr sniði ofan við Skarfatanga til að ákvarða hvort Helgafellsgosið komi í beinu framhaldi af Sæfjallsgosinu eða hvort einhver hundruð ára liða á milli þessara gosa eins og nýlega hefur verið haldið fram. Þær efnagreiningar sem eru komnar breyta nokkuð þeirri mynd sem menn hafa um uppbyggingu Norðurklettanna á Heimaey. Til dæmis bendir allt til þess að Hetta í Heimakletti sé ekki mynduð í sama gosi og Heimklettur heldur hafi hún lagst utan í Heimklett þegar Klifið myndaðist.



Magnesín og kalín innihald nokkurra bergsýna frá Heimaey. Örin bendir á sýni úr Hettu en það hefur sömu samsetningu og Klifið sem er talsvert frábrugðin sýnum úr Heimakletti.

Borholuverkefni.

Sumarið 2005 boraði Hitaveita Suðurnesja 2277 metra djúpa holu suðaustur af Helgafelli. Samið var við tvo nemendur við Jarð- og landfræðiskor Háskóla Íslands um að rannsaka afmarkaða hluta holunnar sem BS verkefni við Háskóla Íslands. Felast þau í því að efnagreina borholusvarf með örgreini Jarðvísindastofnunar. Vinna við þessi verkefni hófst um áramótin 2005-2006. Í samstarfi við Dr. Svein P. Jakobsson á Náttúrufræðistofnun Íslands og Dr. Hjalta Frantzson hjá Íslenskum Orkurannsóknnum var sótt um styrk til Rannís til frekari rannsókna á svarfinu næstu tvö árin en þrátt fyrir ágæta umsögn var verkefnið ekki styrkt. Sett var út á að setlagafraeðingur var ekki hafður með sem einn aðalumsækjenda og að stærsti hluti verksins yrði unninn af ónafngreindum framhaldsnema. Sótt verður að nýju til Rannís vegna þessa verkefnis á árinu 2006 og þá verður setlagafraeðingur með sem aðalumsækjandi. Til að styrkja umsóknina enn frekar verða fjögur sýni úr gömlu borholunni aldursgreind í samstarfi við Dr. Robert A. Duncan og áætlað er að greina valin sýni úr nýju holunni með massageini (LA-ICPMS) í Canberra haustið 2006.


Glerinnlyksur í ólívín- og spínilkristöllum.

Haldið var áfram rannsóknum á glerinnlyksum í ólívín- og spínilkristöllum en þetta eru rannsóknir sem forstöðumaður hóf þegar hann vann á Raunvísindastofnun Háskóla Íslands. Sýni frá Skeljafelli í Þjórsárdal voru send til Ástralíu þar sem greind voru snefilefni í nokkrum innlyksum í spínilkristöllum. Stefnt er að því að halda áfram samstarfi við ástralska jarðfræðinga á næstu árum þar sem m.a. fæst aðgangur að tækjum til efnagreininga á snefilefnum og einnig er hafið samstarf við Dr. Alberto Saal hjá Brown University.

Rannsóknir á innlyksum í frumstæðu bergi úr Búrfelli í Ölfusi héldu áfram og var ein grein send til yfirlestrar hjá Chemical Geology. Sú grein var skrifuð með Dr. Sigurði Steinþórssyni hjá Jarðvísindastofnun. Tvö verkefni voru kynnt á vorráðstefnu Jarðfræðafélags Íslands 2005.

Verndun jarðminja.

Forstöðumaður var annar tveggja fulltrúa Íslands í norrænum vinnuhópi á vegum norrænu ráðherranefndarinnar sem vann að verkefni um verndarviðmið fyrir jarð- og menningarminjar á Grænlandi, Íslandi og Svalbarða. Haldnir voru fimm vinnufundir, tveir í Kaupmannahöfn, einn í Reykjavík, einn í Longyearbyen og einn í Osló. Um mitt ár 2005 kom út skýrsla vinnuhópsins: Vernekriterier for geologiske elementer og kulturminner i Arktis. TemaNord 2005:541. Hægt er að nálgast skýrsluna á heimasíðu náttúrustofunnar. Forstöðumanni var boðið að halda erindi og sitja í pallborði á haustfundi Jarðfræðafélags Íslands 2005 um Mannvirkjarjarðfræði. Titill erindisins var Verndun jarðminja.



Búsvæðaval og varphættir þórshana og óðinshana.

Þetta er meistaranámsverkefni Yanns Kolbeinssonar við Líffræðiskor Háskóla Íslands og heldur feltnvinna áfram sumarið 2006. Rannsóknasvæðið er á suðausturlandi og sumarið 2005 voru fuglar litmerktir til að hægt væri að greina á milli einstaklinga. Leitað var að hreiðrum og fylgst með varpáangri. Einnig voru bæði þórshana og óðinshana taldir nokkrum sinnum yfir sumarið. Loks voru smádýrasýni tekin þar sem fuglar sáust við fæðuleit.

Sumarið 2005 fundust rúmlega 250 þórshana á landinu öllu en það er umtalsvert meira en stofnstærðarmat Válista Náttúrufræðistofnunar Íslands frá árinu 2000 en þá var stofninn talinn vera undir 30 pörum.



Þórshana á Suðausturlandi.

Sæsvölumerkingar.

Aðfaranótt 11. ágúst 2005 stóð Náttúrustofan fyrir sæsvölumerkingum við svokallaða Skápa á Elliðaey. Fuglarnir eru veiddir í þar til gerð mistnet að næturlagi, en aðeins þá fljúga þeir um. Veiðar af þessu tagi hafa verið stundaðar í Elliðaey með reglulegu millibili síðastliðna áratugi en þetta er í fyrsta skiptið sem Náttúrustofan kemur að þessum merkingum. Með aðstoð fjölmennis veiddust samtals 221 sæsvala; 100 stormsvölur *Hydrobates pelagicus* og 121 sjósvala *Oceanodroma leucorhoa*. Fimm stormsvölur reyndust vera merktar. Höfðu fjórar þeirra verið merktar á sama stað 19. júlí 2003 en sú fimmta var merkt 15. ágúst 1996 í



Sjósvala í Elliðaey sumarið 2005.

Heryken, Röst, Nordland, Noregi sumarið 1996. Fjarlægð 1525 km og 3283 dagar frá merkingu að endurheimt. Ekki tókst að fara oftar út í Elliðaey í ágúst 2005 vegna sjógangs, þrátt fyrir nokkrar tilraunir.

Rannsóknir á lunda í Vestmannaeyjum.

Fiona Manson hóf störf hjá Náttúrustofunni í ágúst 2005. Hennar helsta viðfangsefni það ár var rannsókn á lunda í samstarfi við útibú H.Í. í Vestmannaeyjum. Í lok ársins var líka skrifuð grein um fyrstu niðurstöður pysjueftirlitsins og var hún send til birtingar í tímaritinu Atlantic Seabirds.



Náttúrustofan var síðan meðumsækjandi á styrkumsókn sem var send til Rannís í október 2005. Ekki fékkst styrkur frá Rannís í þetta sinn en reynt verður aftur á næsta ári. Hins vegar fékk Náttúrustofan framlag frá Alþingi í þetta verkefni fyrir árið 2006.

Flækingsfuglar á Heimaey.

Áhugi á flækingsfuglum hefur lengi verið til staðar hérlendis og státa Vestmannaeyjar af feiknagóðum lista sjaldgæfra tegunda sem sumar hverjar hafa hvergi fundist annars staðar á Íslandi. Þar

má nefna hafsvölu *Oceanites oceanicus* frá Suðrhöfum; rengluþvara *Ixobrychus exilis*, tálþernu *Sterna forsteri*, tregadúfu *Zenaida macroura*, rauðkoll *Regulus calendula*, bandigðu *Sitta canadensis*, bláskríkju *Dendroica caerulescens* og kúftittling *Zonotrichia leucophrys* frá



Landsvölu á Heimaey.

Norður-Ameríku; og relluhegra *Ardeola ralloides*, skálmörn *Hieraaetus pennatus* og trjásvarra *Lanius senator* frá Evrópu. Áhugamenn um flækingsfugla hafa verið duglegir að heimsækja Heimaey í leit að flækingsfuglum síðustu ár. Á heimasíðu Náttúrustofunnar er birtur listi yfir þá flækingsfugla sem fundust hafa á Heimaey árin 2003-2005. Ekki er gerð grein fyrir athugendum en í hlut eiga, auk starfsmanna Náttúrustofunnar, heimamenn og gestkomandi fuglaskoðarar af suðvestur-, suðaustur- og norðausturlandi. Flækingsfuglar frá árunum 2004 og 2005 hafa ekki enn verið staðfestir af Flækingsfuglanevnd.

Almennar athuganir á fuglum.

Náttúrustofan hefur á hverju ári fylgst með fuglalífínu á Heimaey og safnaði hræjum af dauðum fuglum sem rak á fjörur Heimaeyjar í janúar og febrúar árin 2003-2005. Mest bar á dauðum álkum, langvíum og haftyrdlum en einnig var mikið um dauða æðarfugla snemma árs 2005. Farið var með nokkra fugla til Náttúrufræðistofnunar Íslands og reyndust þeir allir vera hordauðir.

Surtsey.

Náttúrustofan fór tvær ferðir út í Surtsey. Sumarið 2003 fór forstöðumaður að beiðni Náttúrufræðistofnunar Íslands sem leiðsögumaður með þremur þýskum nemum við Listaháskóla Ísland og sumarið 2004 fór forstöðumaður til að safna sýnum af plagióklas stórdílum og framandsteinum. Þá voru með í för Freydis Vigfúsdóttir líffræðingur og Júlíus Ingason blaðamaður á Fréttum. Björgunarfélag Vestmannaeyja sá um að koma leiðangursmönnum út í Surtsey í bæði skiptin.

Árið 2005 hélt Umhverfisstofnun ráðstefnu um Surtsey í Vestmannaeyjum. Náttúrustofan kom að skipulagninu ráðstefnunnar með ráðuneytinu en í aðdraganda ráðstefnunnar voru haldnir tveir undirbúningsfundir í Reykjavík. Ráðstefnan var haldin í Akógs og tókst mjög vel.

Súla.

Freydis Vigfúsdóttir rannsakaði fæðu og atferli súlu á varptíma sumarið 2004 og var verkefnið hluti af 15 eininga rannsóknaverkefni við Háskóla Íslands. Henni til aðstoðar var Gísli Friðrik Ágústsson sem fékk styrk til verkefnisins frá Nýsköpunarsjóði námsmanna.



Súlur í Hellisey.

Þjóðgarðar á Suðurlandi.

Freydís Vigfúsdóttir safnaði heimildum um náttúruferð umhverfis Eyjafjallajökul og Mýrdalsjökul auk þess sem farin var ein vettfangsferð um svæðið haustið 2004. Ekkert var unnið að þessu verkefni árið 2005.

Æðarvarp.

Árið 2004 fékkst styrkur frá Nýsköpunarsjóði námsmanna til að gera úttekt á varpi æðarfugls á Heimaey og til að kanna möguleika á æðarrækt og dúntekju einhversstaðar á Heimaey. Um vorið voru útbúin nokkur hreiðurstæði úti á Löngu en ekkert þeirra var nýtt það árið. Verkefnið vann Svavar Guðmundsson, auk sumarstarfsmanna frá Vestmannaeyjabæ, og í nóvember skilaði hann skýrslunni *Æðarvarp á Heimaey*. Helsta niðurstaðan var sú að varp væri mjög dreift á Heimaey en á fjórum stöðum væru þyrpingar hreiðra sem mynduðu varplönd. Stafnsnes er talið hentugasti staðurinn á Heimaey til að efla æðarvarp og hefja dúntekju.




Náttúruverndaráætlun.

Náttúrustofan kom að undirbúningi Náttúruverndaráætlunar með starfsmönnum Umhverfisstofnunar en lagt er til að fuglabjörg Vestmannaeyja verði vernduð sem búsvæði sjófugla. Undirbúningur að formlegri friðlýsingu hefur staðið undanfarin ár og tekur Náttúrustofan þátt í þeirri vinnu með Umhverfisstofnun ásamt útibúi H.Í. í Vestmannaeyjum og Umhverfis- og framkvæmdasviði Vestmannaeyjabæjar.


Vernduð hafsvæði.

Ingvar Atli Sigurðsson sótti vinnufund um uppbyggingu og stjórnun friðaðra hafsvæða sem haldinn var 7-15. maí 2005 í Kasnäs í Finnlandi. Aðrir þátttakendur frá Íslandi voru Páll Marvin Jónsson frá útibúi H.Í. í Vestmannaeyjum og Guðríður Þorvarðardóttir frá Umhverfisstofnun. Gefin var út skýrsla á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um fundinn: Workshop on the Development and Management of Marine Protected Areas. TemaNord 2005: 587. Hægt er að nálgast skýrsluna á heimasíðu Náttúrustofnunar.



Göngukort.

Náttúrustofan kom ásamt fleirum að gerð göngukorts af Heimaey árin 2004 og 2005. Hugmyndin er fengin frá göngukorti af Hafnarfirði og fleiri sveitarfélögum en útfærslan er nokkuð öðruvísi hér. Viska, Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja stjórnaði starfi hópsins.



Ljósárvirkjun.

Náttúrustofan var fengin til að skoða aðstæður við fyrirhugaða heimavirkjun við Neðridal vestast undir Eyjafjöllum. Farið var um svæðið með ábúanda, heimildir skoðaðar og skrifuð stutt greinargerð sem hægt er að nálgast á heimasíðu Náttúrustofunnar.

Heimsóknir.

Talsvert hefur verið um heimsóknir erlendra vísindamanna og nemenda til Náttúrustofunnar og er þeirra helstu getið hér á eftir.

Dr. Alex Sobolev, Dr. Andrey Gurenko og Dr. Dmitry Kuzmin frá Max-Planck-Institute of Chemistry í Mainz, Þýskalandi komu til Íslands árin 2002 og 2003. Í seinni ferðinni fengu þeir aðstoð frá Náttúrustofunni til að safna sýnum af frumstæðu bergi á Suðurlandi og á miðhálandinu.

Dr. Ian Norman líffræðingur frá Arthur Rylah stofnuninni í Melbourne í Ástralíu kom í heimsókn í ágúst 2005. Ian hefur rannsakað súlur í Ástralíu um árabíl og hér fór hann meðal annars út í Hellisey og skoðaði þar rannsóknarsvæði Freydísar Vigfúsdóttur sem var með í för. Einnig tók Ian þátt í leiðangri til Elliðaeyjar þar sem merktar voru svölur.

Dr. Massimo Gasparon, jarðfræðingur frá University of Queensland í Brisbane, Ástralíu. Massimo var í rannsóknarleyfi í Þýskalandi og kom hann hingað á vegum Náttúrustofunnar í mars 2005 og hélt m.a. fyrirlestur hjá Jarðfræðafélagi Íslands um jarðfræði Súmöttru. Farið var með Massimo í vettvangsferð um Suðurland og Heimaey.

Dr. Greg Yaxley, jarðfræðingur frá Research School of Earth Sciences í Australian National University í Canberra, Ástralíu. Greg heimsótti forstöðumann árið 2004 til ræða um samstarf við greiningar á

snefilefnum í bergsýnum. Einnig var farið í vettfangsferð um Suðurland.



Dr. Massimo Gasparon á Bakkaflugvelli.

Dr. David H. Green, jarðfræðingur frá Australian National University í Canberra, Ástralíu. Dave var á ráðstefnu í Hveragerði 2003 en að henni lokinni fór forstöðumaður Náttúrustofunnar með hann í dagsferð um Landmannalaugar og nágrenni. Sonja Storm jarðfræðinemi frá Háskólanum í Kiel í Þýskalandi kom til Vestmannaeyja sumarið 2005 þar sem hún kortlagði Heimaey í verklegum hluta námskeiðs í jarðfræðikortlagningu. Ingvar A. Sigurðsson aðstoðaði hana á Heimaey. Í október 2005 kom hópur erlendra nemenda við Háskóla Íslands í tveggja daga jarðfræðiferð til Vestmannaeyja. Náttúrustofan var með móttöku fyrir hópinn í Rannsóknasetrinu og Ingvar A. Sigurðsson fór svo með hann í vettvangsferð um Heimaey daginn eftir.

Heimasíða: [www. nattsud.is](http://www.nattsud.is)

Stöðugt er verið að setja fróðleik og fréttir af starfinu inn á heimasíðu Náttúrustofunnar. Þegar eitthvað sérstaklega markvert er að gerast hjá stofunni eru upplýsingar sendar á fréttamiðla Suðurlands og einnig kemur fyrir að staðarblöðin leiti sér upplýsinga á síðunni. Heimasíðan hefur þannig verið öflugur liður í því að kynna starfsemi Náttúrustofunnar.

Opnir fyrirlestrar.

Æðarrækt. Þorvaldur Þór Björnsson, hamskeri á Náttúrufræðistofnun Íslands og æðarbóndi, hélt fyrirlestur um æðarrækt í Náttúrugripasafninu 22. apríl 2004.

Flækingsfuglar. Líffræðingarnir Yann Kolbeinsson og Gunnar Þór Hallgrímsson héldu fyrirlestur um flækingsfugla í Náttúrugripasafninu haustið 2004 og að erindinu loknu fóru þeir með áhugasömum fuglaskoðurum í gönguferð um Vestmannaeyjabæ þar sem leitað var að flækingsfuglum í húsagörðum. Meðal annars sáust nokkrar silkitoppur við Ásaveg.

Ingvar A. Sigurðsson, var með fyrirlestur um tvo leiðangra á **Suðurskautlandið** í Náttúrugripasafninu á safnanótt 13. nóvember 2004.

Ingvar A. Sigurðsson, var með tvo fyrirlestra um **Surtsey** í Náttúrugripasafninu í nóvember árið 2003 í tilefni af því að 40 ár voru liðin frá upphafi Surtseyjargossins.

Aðrir viðburðir.

Ingvar A. Sigurðsson var með fyrirlestur um jarðfræði Heimaeyjar í Framhaldsskóla Vestmannaeyja árið 2003.

Fiona Manson hélt fyrirlestur um Ástralíu fyrir 9. bekk Hamarsskóla haustið 2005.

Ingvar A. Sigurðsson hélt tvo fyrirlestra um leiðangra á Suðurskautlandið fyrir 9. og 10. bekk Hamarsskóla haustið 2005.

Náttúrustofan stóð fyrir fuglaskoðun á Eiðinu í nóvember 2005. Yann Kolbeinsson fór þar yfir þá máfa sem helst má sjá á Heimaey á veturna.

Erindi, skýrslur og greinar.

Fiona Manson og Páll Marvin Jónsson 2005. Atlantic puffin (*Fratercula arctica*) fledging dates and chick wights on the Westman Islands, Iceland, 2003-2005. Handrit.

Gísli Friðrik Ágústsson. Fæða og atferli súlu (*Morus bassanus*) á varptíma við Vestmannaeyjar Skýrsla fyrir nýskpunarsjóð námsmanna. 13 bls.

Ingvar Atli Sigurðsson 2005. Verndun jarðminja. Haustfundur Jarðfræðafélags Íslands. Mannvirkjajarðfræði. Ágrip erinda.

Ingvar Atli Sigurðsson og Sigurður Steinþórsson 2005. Efnasamsetning pikrít bergmyndunar í Skeljafelli, Þjórárdal. Vorráðstefna 2005. Ágrip erinda og veggspjalda. Jarðfræðafélag Íslands, bls 44-45.

Sigurður Steinþórsson og Ingvar A. Sigurðsson 2002. Gler-innlyksur í kristöllum úr Búrfells-pikríti í Ölfusi. Haustráðstefna 2002. Ágrip erinda og veggspjalda. Jarðfræðafélag Íslands, bls. 25.

Sigurður Steinþórsson og Ingvar A. Sigurðsson 2005. Glerinnlyksur í ólivín og Cr-spinli úr vestra gosbeltinu. Vorráðstefna 2005. Ágrip erinda og veggspjalda. Jarðfræðafélag Íslands, bls. 58.

Sigurður Steinþórsson og Ingvar A. Sigurðsson 2005. Melt inclusions in Icelandic picrites: Cr-spinels probe deeper parts of the melting regime than the olivines. Handrit sent Chemical Geology.

Sonja Storm 2005. Geological mapping and stratigraphy of Heimaey/Iceland. Christian-Albrechts-Universität zu Kiel. Institut für Geowissenschaften. Skýrsla 50 bls.

Svavar Guðmundsson 2004. Æðarvarp á Heimaey. Skýrsla fyrir Nýsköpunarsjóð námsmanna. 8 bls.



Mót Sæfjallsgjósku og Helgafellshrauns við Skarfatanga.